

Alþingi
Erindi nr. P 118 / 112
komudagur 10 / 11 1994

BANDALAG HÁSKÓLAMANNA - BHMR

Efnahags- og viðskiptanefnd alþingis
b.t. Ágústu H. Lárusdóttur, ritara
Alþingi
150 Reykjavík

Efni: Umsögn bandalagsins um eftirtalin frumvörp og ályktanir:


1. Frumvarp til laga um sérstakan héraðsdóm í skatta- og bókhaldsmálum
2. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekju- og eignaskatt
3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda
4. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt
5. Tillaga til þingsályktunar um endurskoðun á viðmiðunarreglum um reiknað endurgjald vegna elgin atvinnureksturs eða sjálfstæðrar starfsemi.

Bandalag háskólamanna - BHMR hefur fengið til umsagnar ofangreind frumvörp og þingsályktun. Flutningsmaður þessara tillagna, Jóhanna Sigurðardóttir, telur að skattsvik séu of mikil hér á landi og miða tillögur hennar að því að annars vegar að herða refsíákvæði skattalaga og hins vegar að endurskipuleggja dómstóla með það fyrir augum að draga úr skattsvikum.

Bandalag háskólamanna - BHMR er sammála flutningsmanni í öllum meginatriðum um nauðsyn þess að draga úr skattsvikum. Bandalagið telur mikilvægt að löggjafinn:

- a) veiti auknu fé til nauðsynlegs skatteftirlits,
- b) efli þær stofnanir sem hafa á hendi rannsókn á skattsvikamálum, þ.e. embætti skattrannsóknastjóra og Rannsóknalögreglu ríkisins,
- c) efli saksóknaraembætti þannig að ekki verði óeðlilegur dráttur á meðferð mála,
- d) endurskoði viðurlög með það fyrir augum að almennir borgarar forðist aðild að skattsvikum,
- e) tryggi héraðsdómstólum nægilegt fé til að afla sér þeirrar sérþekkingar sem þeim er nauðsynleg.

Bandalag háskólamanna - BHMR mælir ekki með breytingu á núverandi skipan héraðsdómstóla.

Reykjavík, p. nóvember 1994

Páll Huldússon, formáður